

Sp.

125. Beiðni um skýrslu

[121. mál]

frá landbúnaðarráðherra um forsendu og afleiðingu sérstaks jöfnunargjalds af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim.

Friðriki Sophussyni, Kristínu S. Kvaran, Guðmundi H. Garðarssyni,
Birgi Ísl. Gunnarssyni, Gunnari G. Schram, Ólafi G. Einarssyni,
Eyjólfvi Konráð Jónssyni, Salome Porkelsdóttur og Valdimar Indriðasyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óska undirritaðir þingmenn eftir því að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu þar sem fram komi upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tilgreind dæmi um óeðlilega verðfellingu erlendis á kartöflum og vörum unnum úr þeim.
2. Áhrif verðjöfnunargjaldsins á verðlag og þar með kaupgjald hérlendis.

Greinargerð.

Hinn 24. júní s.l. var reglugerð sett á sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Var gjaldinu ætlað að jafna samkeppnisaðstöðu innlendra kartöfluframleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum sem talið var að beittu óeðlilegri verðfellingu. Kom þetta m.a. fram í málflutningi forsætisráðherra er hann sagði: „Þetta frv. er eingöngu flutt til að heimild fái til að vernda innlenda framleiðslu á kartöflum þegar um óeðlilega verðfellingu er að ræða . . .“ Forsætisráðherra sagði enn fremur: „Ef svo reynist, sem hv. þm. lýsti, að þetta verði til að hækka framfærslukostnað mun þessi heimild ekki verða notuð.“ Stuðningur við heimild þessa byggist m.ö.o. eingöngu á gildi framangreindra þátta, þ.e. að um óeðlilega verðfellingu erlendis sé að ræða og jafnframt að gjaldið hafi ekki áhrif á framfærslukostnað.

Í sumar birtust fréttir þess efnis að verðhækkun á kartöflum á milli júlí- og ágústmánaðar hefði numið 72% sem svo hækkaði framfærsluvísitöluna um 0,31%. Framfærsluvísitalan í ágúst hækkaði um 1,13% sem var 0,38% fram yfir „rauða strikið“ svokallaða og leiddi til launahækkana umfram febrúarsamninga sem þessu nam. Þá hefur því einnig verið haldið fram að engin óeðlileg verðfelling hafi átt sér stað erlendis. Í ljósi þessara fréttu þykir undirrituðum þingmönnum ástæða til að þessar staðhæfingar verði kannaðar nánar.

Alþingi, 3. nóv. 1986.

Friðrik Sophusson.	Kristín S. Kvaran.	Guðmundur H. Garðarsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.	Ólafur G. Einarsson.
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Salome Porkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.